**minn·a** *so. vb.-i – heyra*
[-ti]

– viltu minna mig á afmælið hennar Siggu?

‡ • minni, minning, muna

**aðeins** *ao.*

– hann á aðeins eina skyrtu

‡ » bara

**(á) milli** *fs. ef.*

– maður komst ekki á milli húsa í óveðrinu

‡ » meðal

**lengi** *ao.*

– ekki vera lengi!

‡ • lengd, langt, langur

**ástæð·a** *kvk. – stofa*
[-u, -ur; [ef.ft.] -na]

– það er engin ástæða til að kaupa of dýran bíl

‡ • standa, sérstæður

**lesa** *so. sb.-5 – gefa*
[las, lásum, lesið]

– ég las svo góða bók í gær

‡ • lesandi, lestur

**skrif·a** *so. vb.-a – kalla*
[-aði]

– hann skrifar langt bréf

‡ • skrifborð, skrifstofa, yfirskrift

**ákveða** *so. sb.-5 – gefa*
[ákvað, ákváðum, ákveðið]

– við ákváðum að selja bílinn

‡ • ákveðinn, ákvörðun

**borg** *kvk. – mynd*
[-ar, -ir]

– ég bý í borg

‡

**öld** *kvk. – mynd Ö*
[aldar, aldir]

– það gerðist á síðustu öld

‡ ǫld • veröld

**gang·ur** *kk. – hestur*
[-s, -ar]

– þetta var langur og dimmur gangur

‡ gangr • ganga (so), ganga (kv), gangstétt, tilgangur, algengur

**vegg·ur** *kk. – dalur J*
[-jar, -ir]

– myndin hangir á veggnum

‡ veggr

**venjuleg·ur** *lo. – gulur*
[-, -t; -ri, -astur]

– þetta er bara venjulegur hundur

‡ venjuligr • venjulega; venja (so), venja (no); vanur » algengur, eðlilegur « óvenjulegur

**erlend·ur** *lo. – gulur*
[-, erlent; -ari, -astur]

– hér eru margir erlendir ferðamenn

‡/örlendr • land, lenda, erlendis » útlendur

**bjart·ur** *lo. – gulur Ö*
[björt, -; -ari, -astur]

– sumarnóttin er björt á Íslandi

‡ bjartr » dökkur, dimmur « ljós (lo)

**eyr·a** *hk. – auga*
[-a, -u]

– »Amma, af hverju ertu með svona stór eyru?«

‡